



Kynningarfundur,

2. maí 2007, kl. 10:30 í Menntasetrinu við Lækinn, Hafnarfirði

## Niðurstöður ESPAD-rannsóknarinnar 2007

Evrópska vímuefnarannsóknin *European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD)* er samvinnuverkefni fræðimanna í rúmlega fjörutíu Evrópulöndum.

Markmiðið með ESPAD-rannsókninni er að safna traustum, samanburðarhæfum gögnum í sem flestum Evrópulöndum sem gefa möguleika á samanburði yfir tíma og milli landa. Til þess að taka þátt í ESPAD rannsókninni þarf að uppfylla strangar kröfur um samanburðarhæfar rannsóknaraðferðir.

Rannsóknin fer fram á fjögurra ára fresti, fyrst árið 1995. Ísland hefur tekið þátt í rannsókninni frá upphafi og hafa nemendur 10. bekkjar, hverju sinni, í nær öllum grunnskólum landsins tekið þátt í rannsókninni.

Rannsóknin er er unnin að tilstuðlan Evrópuráðsins og Forvarnarmiðstöðvar Evrópusambandsins. Á Íslandi er rannsókninni stýrt af Þóroddi Bjarnasyni prófessor í Háskólanum á Akureyri í samvinnu við Lýðheilsustöð. Að fjármögnun rannsóknarinnar standa Lýðheilsustöð, Rannsóknasjóður Háskólans á Akureyri og Háskólasjóður KEA.


Einn megin kostur ESPAD er að rannsóknin byggir á samanburðarhæfum og samræmdum mælingum, sem gera okkur kleift að fylgjast með breytingum á neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna í 10. bekk grunnskóla yfir tíma og á milli landa.

ESPAD rannsóknin hefur ávallt byggst á

- öflugu samstarfi fræðimanna
- góðum skilningi og öflugu samstarfi við starfsmenn grunnskóla
- góðri þátttöku nemenda í grunnskólum landsins

**Þátttaka:** Haustið 2006 voru 4.494 nemendur í 10. bekk grunnskóla. Í febrúar og mars 2007 svöruðu 3665 þeirra ESPAD könnuninni eða 82%.

## Reykingar



### Mynd 1. Breytingar á hlutfalli íslenskra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega

Það er slæmt að sjá að einn af hverjum 9 nemendum í 10. bekk grunnskóla reykir daglega. Gleðifréttirnar eru hins vegar þær að við sjáum að það er greinilega hægt að ná árangri í tóbaksvörnum.


Hlutfall nemenda sem reykir daglega hefur lækkað um nærri helming á 12 árum. Úr 21% árið 1995 niður í 11% nú árið 2007. Samkvæmt þessu hlutfalli má gera ráð fyrir að um 500 nemendur í 10. bekk reyki daglega.

### Hvað skýrir þessa breytingu?

Fyrst og fremst eru nemendur í grunnskóla að standa sig vel.


- Aukið aðhald.
  - Aukið aðhald stjórnvalda, lög og reglugerðir
  - Aukið aðhald samfélagsins
  - Aukið aðhald skólastjórna
  - Aukið aðhald foreldra
- Forvarnarverkefni á vegum ýmissa aðila
  - Félagasamtaka, t.d. foreldrasamtök
  - Sveitarfélaga
  - Stofnana
- Áfengisneysla hefur minnkað
  - Við vitum að margir reykja fyrstu sígarettuna undir áhrifum áfengis

## Áfengisneysla




**Mynd 2. Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem hafa orðið drukknir um ævina.**

Á myndum 2 og 3 sést að ölvun unglunga hefur minnkað mikið á síðustu 12 árum. Óhætt er að segja að það sé mikill og góður árangur að hlutfall nemenda í 10. bekk, sem hafa orðið drukknir um ævina, lækki úr 64% í 42% á 12 árum. Ölvun síðustu 30 daga lækkar úr 56%, árið 1995, í 21% (samsvarar um 940 nemendum) nú árið 2007. Þessi árangur hefur fyrst og fremst náðst hjá íslenskum krökkum og foreldrum þeirra með stuðningi öflugs forvarnarstarfs. Þessar niðurstöður sýna okkur að það þarf ekki að setta sig við unglíngadrykkju.




**Mynd 3. Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem hafa orðið drukknir síðustu 30 daga**

## Hassneysla



**Mynd 4a. Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem hafa reykt hass um ævina og á síðustu 30 dögum**

Frá árinu 1995 til 1999 jókst verulega hassneysla nemenda í 10. bekk grunnskóla. Átta ár tók að ná neyslunni aftur niður í það sem hún var 1995. Þessar breytingar minna okkur á að slaka ekki á í forvarnarstarfi. Því miður virðist vera svo að hlutfall nemenda sem notar hass reglulega minnkar mun hægar heldur en hlutfall þeirra sem einhverntíma hafa prófað.





**Mynd 4b. Breytingar á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem hafa aldrei reykt hass um ævina**

Á mynd 4b sést hlutfall þeirra sem aldrei hafa prófað hass, nokkuð sem við öll eigum að veita mun meiri athygli.

## Aðgengi


Í rannsókninni var spurt hvaða leiðir unglingar nota til að verða sér út um áfengi.



### Myndir 6a-b. Hlutfall nemenda sem hefur orðið sér út um áfengi með tilteknum hætti.

Við sjáum að um 5% krakka í 10. bekk segjast sjálfir hafa keypt áfengi í vínbúð, 6% segja að foreldrar þeirra hafi keypt fyrir þá áfengi, 13% hafa útvegað sér heimabrugg. Nærri einn af hverjum fjórum hefur tekið áfengi heima hjá sér, án þess að foreldrarnir vissu.

Loks sjáum við að rúm 60% nemenda segjast auðveldlega geta nálgast tóbak og að nær allir sem reykja daglega segja það frekar eða mjög auðvelt að nálgast tóbak og að fjórði hver nemandi telur mjög eða frekar auðvelt að verða sér út um hass ef hann kærir sig um.



**Mynd 7. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem telja það mjög eða frekar auðvelt að verða sér út um sígarettur og hass, ef þeir vildu.**

### ***Niðurlag:***

Tóbaks-, áfengis og vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk er ennþá til staðar árið 2007. ESPAD rannsóknin sýnir þó að mikill árangur hefur náðst á síðustu 12 árum.

Daglegar reykingar í 10. bekk grunnskóla hafa minnkað um helming frá 1995 til 2007. Ölvun hefur minnkað mjög mikið en ljóst er að baráttan við hassneyslu er erfið þar sem staðan er sú sama árið 2007 og hún var árið 1995 þrátt fyrir góðan árangur síðustu átta ár.

Ef við viljum ná enn betri árangri þá er mikilvægt að halda öflugum forvarnarstarfi áfram og huga vel að því að minnka aðgengi unglunga að áfengi, tóbaki og vímuefnum.